

Truenorth ehf.  
Suðurlandsbraut 4  
108 Reykjavík

Reykjavík, 24. júlí 2019  
UST201907-140/P.V.B.  
09.06.01

## **Efni: Umsókn um kvikmyndaleyfi - Skógafoss - Drónaflug**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Truenorth ehf., dagsett 16. júlí 2019, um leyfi til drónaflugs vegna kvikmyndatöku við Skógafoss.

Skógafoss er friðlýstur sem náttúruvætti sbr. auglýsing í Stjórnartíðindum nr. 477/1987. Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf og raska jarðmyndunum innan svæðisins. Samkvæmt stjórnunar og verndaráætlun friðlandsins er flug ómannaðra loftfara óheimilt á svæðinu nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir skulu ekki trufla dýralíf innan náttúruvættisins og truflun við aðra gesti skal vera í lágmarki. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir sem geta haft áhrif á náttúru svæðisins og upplifun gesta eru háðir leyfi Umhverfisstofnunar.

### ***Lýsing verkefnis:***

Um er að ræða drónatökur yfir Skógaá ofan fossins. Flogið verður í 150 metra hæð yfir miðri ánni áður en hún fellur fossin og ca 1 metra fram yfir brún. Kort sem sýnir flugleið fylgir með umsókninni. Um er að ræða 2-3 flug. Flugtak og landing drónans verður frá Skógaheiðinni, staðsetning sýnd á korti. Takmarka þarf aðgang fólks að svæðinu næst fossinum rétt á meðan drónin flýgur yfir brúnina svo það sjáist ekki í mynd, um er að ræða ca 10-15 metra frá fossinum. Ráðgert er að tókur fari fram seinni part dags og kvöld þann 25. júlí 2019 þegar sem fæstir gestir eru á svæðinu. Til vara færu tókur fram 26. júlí 2019 ef veður verður óhagstætt þann 25. júlí. Að tókunum koma 12 manns og verður bifreiðum tókufólks lagt á bílastæði og gengið upp á Skógaheiðina eftir gönguleið sem liggur um svæðið.

### ***Áhrifamat:***

Umhverfisstofnun metur drónaflugið ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á náttúrufar á svæðinu. Truflun fyrir dýralíf ætti að vera minniháttar sé drónanum flogið beint upp í uppgefna flughæð frá þeim stað sem hann tekur á loft og þeim skilyrðum sem sett eru fyrir leyfinu fylgt. Áhrif á gesti svæðisins ættu að vera minniháttar sé þess gætt að flugið fari fram utan annatíma, flugtími takmarkaður og dróninn taki ekki á loft og lendi frá göngustígnum á Skógaheiði. Æskilegt er að flugtaks og landingarstaður sé austan við göngustíginn og fjöldi starfmannanna sem fylgi drónanum á þann stað sé takmarkaður.

### ***Skilyrði:***

Umhverfisstofnun veitir True North fyrir sitt leyti leyfi fyrir drónaflugi við Skógafoss sbr. lýsingu hér að ofan þann 25. júlí 2019 og til vara 26. júlí 2019 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Einungis skal gengið eftir merktum göngustígum og óheimilt er að fara inn á lokuð svæði.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum eða fuglum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki og það skal fara fram utan þess tíma sem flestir gestir eru á svæðinu.
- Drónin skal taka á loft og lenda á sléttu svæði austan við göngustíginn á Skógaheiðinni. Óheimilt er að nýta göngustíginn og svæðið vestan við hann til þess.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaðra loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ekki skal skilja eftir hluta loftfarsins á svæðinu heldur finna og endurheimta loftfarið og alla hluta þess ef það brotlendir eða bilar.
- Af öryggisástæðum skal sá sem stjórnar ómönnuðu loftfari klæðast merktum fatnaði svo hægt sé að auðkenna viðkomandi.
- Vegna lífríkisverndar er óheimilt að fljúga inn í gilið við Skógafoss.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfsrækslu fjarstýrðra loftfara.

Umhverfisstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 990/2017

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

### **Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn

um kvikmyndagerð og/eða ljósmyndatöku er kr. 52.600.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.


**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt



Daníel Freyr Jónsson  
sérfræðingur



Þórdís Vilhelmína Bragadóttir  
sérfræðingur